

Leiðbeiningar fyrir umboðsferli í netbanka Arion

Viðskiptavinir geta veitt öðrum einstaklingum umboð í gegnum netbanka Arion. Báðir aðilar, sá sem veitir umboðið og umboðshafinn, þurfa að hafa náð 18 ára aldri og vera fjárráða. Umboðsveiting fer fram í gegnum netbankann og þarf viðskiptavinur að skrifa undir umboðsskjalið með rafrænum skilríkjum eða Auðkennisappinu. Viðskiptavinur þarf því að vera með rafræn skilríki/Auðkennisappið til að veita umboð í gegnum netbankann.

- **Upplýsingar um rafræn skilríki:** Viðskiptavinir geta mætt í útibú með löggild skilríki og síma með SIM-korti sem styður rafræn skilríki til að virkja rafræn skilríki í síma. Nánari upplýsingar um rafræn skilríki má finna [hér](#).
- **Upplýsingar um Auðkennisappið:** Athugið að allir sem hafa náð 18 ára aldri, hafa snjalltæki með NFC stuðningi og gilt íslenskt vegabréf, geta sótt Auðkennisappið. Auðkennisappið er sótt í App Store eða Google Play. Leiðbeiningar um uppsetningu Auðkennisappsins má finna [hér](#).

Ef viðskiptavinur er hvorki með rafræn skilríki né Auðkennisappið og vill veita umboð þá þarf viðkomandi að skrifa undir eyðublað með penna og vottum. Ef viðskiptavinur er fær um að mæta í útibú skal hann koma við og ganga frá umboði með þjónusturáðgjafa. Ef viðskiptavinur er ekki fær um að mæta í útibú, t.d. þar sem viðkomandi býr erlendis þá þarf hann að hafa samband við þjónustuver í síma 444-7000 til að fá frekari aðstoð og leiðbeiningar.

Umboðsveitingarferli í netbankanum

1. Skrá sig inn í netbankann með rafrænum skilríkjum/Auðkennisappi

Þú þarft að skrá þig inn í netbankann í gegnum vefsíðu Arion (arionbanki.is). Hægt er að skrá sig inn í netbankann á þrjá ólíka vegu. Athugaðu þó að umboðsferlið krefst þess að þú skráir þig inn með rafrænum skilríkjum eða Auðkennisappinu.

Innskráning í Netbanka

[Rafræn skilríki](#) [Auðkennisapp](#) [Notandanafn](#)

Símanúmer

Innskrá

▼


 Skilríki á korti

Með því að skrá þig inn samþykkir þú skilmála Arion banka.



2. Veftré í netbankanum

Í netbankanum má finna vinstra megin hvíta flipa fyrir mismunandi þjónustur. Þú skalt velja Stillingar > Umboð.



3. Umboðsyfirlit í netbanka

Þegar þú hefur smellt á „Umboð“ birtist yfirlit yfir þau umboð sem þú hefur veitt. Hægt er að smella á nafn umboðshafa til að skoða og breyta núverandi umboði. Til þess að veita nýjum aðila umboð skaltu smella á bláa takkann „Veita nýjum aðila umboð“.

Umboð

Hér getur þú veitt umboð, afturkallað eða breytt aðgengi að reikningum og öðrum þjónustum. Athugið að undirritunarferlið er rafrænt og er nauðsynlegt að vera innskráður í netbanka með rafrænum skilríkjum til þess að hefja ferlið.

Umboð sem þú hefur veitt

Nafn	Kennitala	Aðgangur
Gervimaður Jón Jónsson	0101302559	Reikningar

[Veita nýjum aðila umboð](#)

4. Veita nýjum aðila umboð

Þú skalt slá inn kennitölu aðilans sem þú vilt veita umboð og velja „Áfram“.

Umboð



Veldu aðila til að veita umboð

Hér getur þú veitt umboð og staðfest umboðsveitingu með rafrænum skilríkjum. Aðgengi er stýrt í næsta skrefi, eftir að umboðsveitandi hefur verið tilgreindur hér að neðan.

Kennitala*

[Áfram](#)



5. Stilla aðgang umboðshafa

Á þessum skjá getur þú stillt aðgang umboðshafa.

- **Fyrir umboð á reikningum** er hægt að velja á milli þriggja tegunda aðganga: skoðunaraðgangs, skoðunar- og millifærsluaðgangs og að lokum fulls umboðs á reikning. Í netbankanum má finna skýringar á því hvað hver tegund aðgangs felur í sér.
- **Fyrir umboð að mismunandi þjónustum** er aðeins hægt að velja skoðunaraðgang.
 - Hafðu í huga að með því að opna fyrir aðgang að ákveðnum lið, þá er allt sem fellur undir liðinn sýnilegt í netbanka umboðshafa. Það þýðir að með því að opna fyrir kreditkort þá sér umboðshafi öll kreditkort umboðsveitanda í sínum netbanka. Það er ekki hægt að opna fyrir sýn á einstök kreditkort, lán, rafræn skjöl eða einstakan ógreiddan reikning.

Þú skalt smella á bláa takkann „Áfram“ til að fara í næsta skref, sem er að undirrita umboðsskjalið.

Umboð



Stilltu aðgang fyrir reikninga og þjónustur

Gervimaður Noregur kt. 010130-2129

Hér velur þú aðgang á þá reikninga og þjónustur sem þú vilt veita umboð fyrir. Hægt er að velja um 3 mismunandi aðgangstegundir sem eru útskýrðar betur neðst á síðunni. Vakin er sérstök athygli á aðganginum "Fullt umboð", en með því hefur aðili fullt umboð að reikningi eða þjónustu.

Skoða	Skoða og millifæra	Fullt umboð
Aðili getur aðeins skoðað stöðu og færslur á völdum reikningi eða þjónustu í netbanka og í appi.	Aðili getur skoðað stöðu og færslur á völdum reikningi eða þjónustu í netbanka og í appi. Ásamt því að millifæra fjárhæðir af völdum reikningum.	Aðili getur framkvæmt athafnir í netbanka sem og í útibúum. Þar með talið heimild til úttektar, stofnun auka debetkorts, skoða stöðu reikninga og ráðstöfun á fjárhæðum reikninga.

Reikningar

Reikningsnúmer	Heiti	Skoða	Skoða og millifæra	Fullt umboð
0370-18-123456	Vöxtur verðtryggður 90	☐	☐	☐
0370-26-123456	Almennur veltureikningur	☐	☐	☐
0370-26-123456	Almennur veltureikningur	☐	☐	☐
0370-26-123456	Almennur veltureikningur	☐	☐	☐
0370-22-123456	Vöxtur 30 dagar	☐	☐	☐
0370-38-123456	Gjaldýrsveltureikningur	☐	☐	☐
0370-22-123456	Íbúðasparnaður	☐	☐	☐
0370-22-123456	Ferðasjóður	☐	☐	☐

Annað

Þjónusta	Aðgerðir	Velja allt ☐
Kreditkort	Enginn aðgangur	☐
Lán	Enginn aðgangur	☐
Ógreiddir reikningar	Enginn aðgangur	☐
Rafræn skjöl	Enginn aðgangur	☐
Skattayfirlit	Enginn aðgangur	☐

Hætta við

Áfram



Eftir að þú hefur stillt umboðið sem þú vilt veita, er útbúið umboðsveitingarskjal sem þú þarft að undirrita með rafrænum skilríkjum. Mælt er með því að þú smellir á skjalið og lesir það yfir til að ganga úr skugga um að umboðið sé rétt. Ef umboðið í skjalinu er eins og þú vilt hafa það, skaltu smella á bláa takkann „Undirrita“. Þá færðu undirritunarbeiðni í símann, sem þú þarft að samþykkja með rafrænum skilríkjum eða Auðkennisappinu.

A horizontal progress bar with three circular markers. The first two markers are filled with blue and have a white checkmark inside, corresponding to 'Velja aðila' and 'Stilla aðgang'. The third marker is an empty blue circle, corresponding to 'Undirritun'.

 Umboðsveiting í netbanka

Hætta við

Breyta

Undirrita

Undirritun fer fram með rafrænum skilríkjum á farsímanum þínum.



7. Umboðsskráning tókst

Eftir að þú hefur undirritað umboðsveitingarskjalið, er umboðið skráð og sýn umboðshafa í netbankanum uppfærð í samræmi við veitta umboðið. Þú getur nálgast undirritaða umboðsveitingarskjalið undir „Rafræn skjöl“ í netbankanum og Arion appinu.

Umboð

Hér getur þú veitt umboð, afturkallað eða breytt aðgengi að reikningum og öðrum þjónustum. Athugið að undirritunarferlið er rafrænt og er nauðsynlegt að vera innskráður í netbanka með rafrænum skilríkjum til þess að hefja ferlið.

Umboð sem þú hefur veitt

Nafn	Kennitala	Aðgangur
Gervimaður Jón Jónsson	0101302559	Reikningar

[Veita nýjum aðila umboð](#)

Umboð uppfært

Búið er að uppfæra umboð fyrir eftirfarandi aðila: Gervimaður Jón Jónsson

8. Breyta umboði

Ef þú vilt gera breytingar á núverandi umboði, skaltu fara aftur í skref **3. Umboðsyfirlit í netbanka**. Þar getur þú smellt á nafn umboðshafa til að skoða og breyta umboðinu.

Við breytingar þarftu að undirrita nýtt umboðskjal

ATH: Þegar nýtt umboð er undirritað tekur það við af fyrra umboði og verður það sem gildir.

Afturköllunarferli umboða í netbankanum

1. Umboðsyfirlit í netbanka

Þegar þú hefur valið Stillingar > Umboð, birtist yfirlit yfir þau umboð sem þú hefur veitt. Til að afturkalla aðgang umboðshafa skaltu smella á nafnið hans, sem birtist í bláum lit.

Umboð

Hér getur þú veitt umboð, afturkallað eða breytt aðgengi að reikningum og öðrum þjónustum. Athugið að undirritunarferlið er rafrænt og er nauðsynlegt að vera innskráður í netbanka með rafrænum skilríkjum til þess að hefja ferlið.

Umboð sem þú hefur veitt

Nafn	Kennitala	Aðgangur
Gervimaður Jón Jónsson	0101302559	Reikningar

[Veita nýjum aðila umboð](#)

2. Afturkalla umboði

Á þessum skjá getur þú stillt aðgang umboðshafa. Til að afturkalla aðgang og þar með láta umboðshafa hafa engan aðgang, skaltu afhaka alla þá reiti sem voru hakaðir við.

Þú skalt smella á bláa takkann „Áfram“ til að fara í næsta skref, sem er að undirrita afturköllunarskjalið.

Umboð



Stilltu aðgang fyrir reikninga og þjónustur

Gervimaður Noregur kt. 010130-2129

Hér velur þú aðgang á þá reikninga og þjónustur sem þú vilt veita umboð fyrir. Hægt er að velja um 3 mismunandi aðgangstegundir sem eru útskýrðar betur neðst á síðunni. Vakin er sérstök athygli á aðganginum "Fullt umboð", en með því hefur aðili fullt umboð að reikningi eða þjónustu.

Skoða	Skoða og millifæra	Fullt umboð
Aðili getur aðeins skoðað stöðu og færslur á völdum reikningi eða þjónustu í netbanka og í appi.	Aðili getur skoðað stöðu og færslur á völdum reikningi eða þjónustu í netbanka og í appi. Ásamt því að millifæra fjárhæðir af völdum reikningum.	Aðili getur framkvæmt athafnir í netbanka sem og í útibúum. Þar með talið heimild til úttektar, stofnun auka debetkorts, skoða stöðu reikninga og ráðstöfun á fjárhæðum reikninga.

Reikningar

Reikningsnúmer	Heiti	Skoða	Skoða og millifæra	Fullt umboð
0370-18-123456	Vöxtur verðtryggður 90	☐	☐	☐
0370-26-123456	Almennur veltureikningur	☐	☐	☐
0370-26-123456	Almennur veltureikningur	☐	☐	☐
0370-26-123456	Almennur veltureikningur	☐	☐	☐
0370-22-123456	Vöxtur 30 dagar	☒	☒	☒
0370-38-123456	Gjaldýrisveltareikningur	☐	☐	☐
0370-22-123456	Íbúðasparnaður	☐	☐	☐
0370-22-123456	Ferðasjóður	☐	☐	☐

Annað

Þjónusta	Aðgerðir	Velja allt
Kreditkort	Enginn aðgangur	☐
Lán	Enginn aðgangur	☐
Ógreiddir reikningar	Enginn aðgangur	☐
Rafræn skjöl	Enginn aðgangur	☐
Skattayfirlit	Enginn aðgangur	☐

Hætta við Áfram



3. Undirrita afturköllunarskjal

Þegar allt er afhakað, er útbúið afturköllunarskjal sem þú þarft að undirrita með rafrænum skilríkjum eða Auðkennisappinu. Mælt er með því að þú smellir á skjalið og lesir það yfir til að ganga úr skugga um að afturköllunin sé rétt. Ef afturköllunarskjalið er eins og þú vilt hafa það, skaltu smella á bláa takkann „Undirrita“. Þá færðu undirritunarbeiðni í símann, sem þú þarft að samþykka með rafrænum skilríkjum eða Auðkennisappinu.

Umboð



Nú er komið að því að undirrita

Hér fyrir neðan eru öll þau skjöl sem verða undirrituð rafrænt. Mikilvægt er að fara vel yfir allt saman áður en ritað er undir. Öll undirrituð skjöl verða aðgengileg undir rafrænum skjölum í netbankanum.

Afturköllun umboðs í netbanka

Hætta við

Breyta


Undirrita



Rafræn undirritun

Undirritun fer fram með rafrænum skilríkjum á farsímanum þínum.

Undirritunarferli í síma með rafrænum skilríkjum



4. Afturköllun tókst

Eftir að þú hefur undirritað afturköllunarskjalið, er afturköllunin skráð og sýn umboðshafa í netbankanum uppfærð í samræmi við hana. Þú getur nálgast undirritaða afturköllunarskjalið undir „Rafræn skjöl“ í netbankanum og Arion appinu.

Umboð

Hér getur þú veitt umboð, afturkallað eða breytt aðgengi að reikningum og öðrum þjónustum. Athugið að undirritunarferlið er rafrænt og er nauðsynlegt að vera innskráður í netbanka með rafrænum skilríkjum til þess að hefja ferlið.

Umboð sem þú hefur veitt

Nafn	Kennitala	Aðgangur
Þú hefur ekki veitt neinum aðgang		

Veita nýjum aðila umboð



Umboð uppfært

Búið er að uppfæra umboð fyrir eftirfarandi aðila: Gervimaður Jón Jónsson

